

ÍSLE3EE05

Áfanginn er lokaáfangi í íslensku. Hann er á þriðja þrepi og er skylda á öllum brautum.

Staða áfanga:

Áfanginn er lokahnykkur í bókmenntasöguferlinu.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Viðfangsefni áfangans er íslensk bókmenntasaga frá 1900 til okkar dags. Lesin er bókmenntasaga tímabilsins, ljóð, sögur og ýmsir textar frá tímabilinu. Ein nýleg skáldsaga er lesin og unnið er með hana með markvissum hætti. Markmiðið er að kynnst bókmenntum þessa tímabils frá ýmsum sjónarhornum og setja í bókmenntasögulegt samhengi. Skrifuð er ritgerð um ljóðabók. Hér er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda. Farið er í leikhús, á nýtt íslenskt leikverk.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Nýrómantík, félagslegt raunsæi, móðernismi, nýraunsæi, póstmóðernismi, textagreining, bókmenntir og samfélag.

Námsmat:

Ritgerð, verkefni, munnlegt próf í skáldsögu. Próf í bókmenntasögu eru inni á önninni.